# Mönnun á hjúkrunarheimilum: Ákvæði kjarasamnings og staðan :: Staffing in nursing homes: Contract articles and the situation

Kynning fyrir samninganefnd SFV 27.02.2025
Presentation for SFV negotiations committee Feb 27 2025

# Krafan um mönnun :: The staffing demand

- Samninganefnd Eflingar setti kröfuna um aðgerðir vegna mönnunar og álags í brennidepil í kjaraviðræðum við SFV sem hófust vorið 2024.
- Þess krafist að mönnun skv. opinberum viðmiðum sé ávallt tryggð.
- Fleiri atriði (hópstjóri, lyfjagjöf, skýrari starfslýsingar o.s.frv.)
- Sjá kröfugerð dags. 20.6.2024.

- The Efling neg committee put the demand for action regarding staffing and workload at the center in negotiations with SFV which began in Spring 2024.
- Demand that staffing according to official standards be always ensured.
- Other items (group leader, administration of medicine, clearer job descriptions etc.)
- See demands dated June 6, 2024.


KRÖFUGERÐ

Eftirfarandi eru kröfur samninganefndar Eflingarfélaga vegna endurnýjunar kjarasamnings við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu sem rann út þann 31. mars 2024.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari kröfur á síðari stigum viðræðna.

1. LAUNALIÐUR

- Heimfærsla á þeirri launastefnu sem samið var um við SA í mars 2024.
- Sömu hækkanir og samið verður um við ríkið.

2. MÖNNUN OG ÁLAG

Lausn á undirmönnun og ofurálagi er meginkrafa samninganefndarinnar. Samninganefnd er reiðubúin að fallast á langtímakjarasamning innan sömu launastefnu og á almenna vinnumarkaðinum með því skilyrði að tekið verði á þessum vanda með með tímasettum, raunhæfum aðgerðum á samningstíma.

Sívaxandi mönnunarvandi á hjúkrunarheimilum hefur leitt til ósjálfbærs ástands. Einkenni þessa ástands eru m.a. þessi:

- Álag og streita starfsfólks eykst í sífellu, sem leiðir til vanlíðunar í starfi og slæms vinnuumhverfis.
- Starfsfólk í umönnun fær æ minni tíma til gefandi samskipta við heimilisfólk, sem skerðir lífsgæði heimilisfólks og rýrir virði þjónustu hjúkrunarheimilanna.
- Hætta á skammtímaveikindum, langtímaveikindum og kulnun í starfi eykst hjá starfsfólki, sem leiðir til vítahrings þar sem álag eykst enn.
- Starfsfólk í umönnun er látið sinna æ meiri hluta af þeim verkefnum sem ættu með réttu að tilheyra heilbrigðismenntuðu starfsfólki, sem leiðir til aukinnar hættu á mistökum og skerðir öryggi heimilisfólks.
- Starfsfólk í umönnun er látið sinna æ fleiri og fjölbreyttari verkefnum til viðbótar við umönnun, svo sem þvotti, þrifum/hreingerningum og húsvörslu.

Samninganefnd Eflingar kallar eftir lausnamiðuðu og málefnalegu samtali við SFV um hentugustu leiðir til að leysa vandamál undirmönnunar og ofurálags. Samninganefnd bendir á eftirfarandi möguleg skref:

- Hlutlæg viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum verði rýnd og þau endurskoðuð. Fengin verði skýr niðurstaða um hvað teljist vera ásættanleg mönnun. Ráðstafanir gerðar til að sú mönnun sé ávallt tryggð og ef ekki þá sé til staðar hvati til að tryggja mönnun.
- Fjármögnun og verkferlar geri ráð fyrir heimild til að kalla út afleysingastarfsfólk þegar mönnun fer niður fyrir visst mark. Ella verði innleiddar sérstakar viðbótargreiðslur til starfsfólks í þeim tilvikum þegar mönnun á vakt fer niður fyrir það mark, þannig að samræmi sé milli aukins vinnuálags og launa.
- Skýrari skilgreiningar á því hvaða verkefni falli undir verksvið starfsfólks í umönnun.
- Skipulag á lyfjagjöf endurskoðað. Sett inn ákvæði í kjarasamning með hliðsjón af fyrirmyndum sem vel hafa gefist á tilteknum hjúkrunarheimilum.
- Viðurkenning á starfsheitinu *hópstjóri* sem sinnir tiltekinni ábyrgð sem metin verði til launa (ss. ábyrgð á lyfjagjöf).
- Önnur atriði, svo sem:
  - Trygging fyrir því að starfsmaður sé

# **Viðræður leiddu til …** :: Talks led to …

- Ríkissáttasemjari tók að sér að miðla milli Eflingar, SFV og heilbrigðisráðherra um smíði á yfirlýsingu sem yrði hluti af kjarasamningagerð.
- Nokkur drög að yfirlýsingu þangað til að ráðuneytið, Efling og SFV féllust á lokagerð.
- **Meginatriði yfirlýsingarinnar er <u>hvernig eigi að ná opinberum mönnunarviðmiðum</u>.**

- The State Mediator mediated between Efling, SFV and the minster of health to craft a declaration which would be part of the contract.
- Several drafts of a declaration until the ministry, Efling and SFV agreed on a final version.
- **The main point of the declaration is <u>how to achieve the official staffing standards</u>.**

# Fylgiskjal 1 ::
# Appendix 1



**Fylgiskjal 1**

**Yfirlýsing heilbrigðisráðherra gefin í tengslum við undirritun kjarasamnings Eflingar stéttarfélags og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)**

**2. október 2024**

Heilbrigðisráðuneytið mun skipa starfshóp, fyrir lok október 2024, sem hefur það hlutverk að setja saman tillögu og tímasetta áætlun um hvernig ná megi viðmiðum Landlæknisembættisins um mönnun við umönnun á hjúkrunarheimilum hér á landi.

Til grundvallar vinnunni eru meðal annars skýrslur sem þegar hafa verið birtar um viðmið um mönnun við umönnun á hjúkrunarheimilum. Meðan á starfi starfshópsins stendur mun landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu verða falið að leiða vinnu við að meta, í samráði við fagaðila, hvort faglegar forsendur séu til að endurskoða viðmið um mönnun við umönnun á hjúkrunarheimilum. Komi fram ný eða uppfærð viðmið, sem byggð eru á faglegum forsendum og með aðkomu fjölbreytts hóps starfsfólks þar sem áherslan er á öryggi og gæði, meðan á vinnu starfshópsins stendur skal taka tillit til þeirra.

Tryggt skal að í starfshópnum eigi sæti fulltrúar stærstu hagsmunahafa, þar á meðal Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og Eflingar.

Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra munu í framhaldinu, í samráði við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Sjúkratryggingar Íslands, bregðast við tillögum hópsins og tryggja öllum hjúkrunarheimilum landsins fjárhagslegan grundvöll. Tillögur starfshópsins í endanlegri mynd skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. febrúar 2025. Viðbrögð heilbrigðis- og fjármálaráðherra við tillögunum skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 2025.

- Yfirlýsing heilbrigðisráðherra er hluti af kjarasamningi Eflingar og SFV undirritaður 2. október 2025 (fylgiskjal 1).

- The health minister's declaration which is part of the Efling-SFV contract signed on October 2, 2024 (Appendix 1).

# Samningsforsenda ::
# Contract provision



**8. gr.**

**Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur**

Kjarasamningur þessi er gerður í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í mars 2024 og byggir á sömu forsendum og þar voru afráðnar. Komi til þess að launa- og forsendunefnd ASÍ og SA ákveði launa- eða kjarabreytingar vegna forsendubrests skulu aðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti slík breyting gildi fyrir samning þennan. Slíkar breytingar skulu skila sambærilegum kjarabreytingum og á almennum markaði enda feli þær ekki í sér breytingar á kjörum sem þegar er að finna í kjarasamningi aðila. Aðilar eru sammála um að sú kjarastefna sem á er byggt í þessum samningi og sem er sú sama og í áðurnefndum almennum kjarasamningum skal gilda á samningstímanum með sömu almennu fyrirvörum og gilda samkvæmt þeim.

Komi til þess að kjarasamningum á almennum markaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum aðila heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Þessi samningur er auk þess byggður á því að niðurstaða náist í starfshópi um mönnun á hjúkrunarheimilum skv. því sem nánar er fyrir mælt í fylgiskjali 1 innan eðlilegra tímamarka. Aðilar eru því sammála um að verði niðurstaða starfshóps skv. fylgiskjali 1 ekki í samræmi við markmið hvors samningsaðila geti hvor samningsaðili um sig, náist ekki sérstakt samkomulag um önnur viðbrögð, sagt samningi þessum upp með eins mánaðar fyrirvara frá 1. maí 2025.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjölum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 16. október skoðast hann samþykktur.

- Í samningnum er forsenduákvæði sem heimilar uppsögn ef niðurstaða starfshóps skv. fylgiskjali 1 (sjá glæru á undan) er ekki í samræmi við markmið Eflingar (eða SFV).

- The contract has a provision article which permits the cancellation of the contract if the conclusions of the working group as per Appendix 1 (see previous slide) are not in accordance with Efling’s (or SFV’s) goals.

# Tímalína vor 2025 :: Timeline Spring 2025

| Dagsetning :: Date | Aðgerð | Action |
| --- | --- | --- |
| Fyrir lok október 2024 :: Before end of Oct 2024 | Heilbrigðisráðherra skipar starfshóp | Minister of health appoints a working group |
| 1. febrúar 2025* | Starfshópur skilar tillögum | Working group hands in its proposals |
| 1. apríl 2025 | Viðbrögð ráðherra skulu liggja fyrir | Responses of ministers shall have been presented |
| 1. apríl 2025 | Síðasta dagsetning á uppsögn samnings eigi hún að gilda frá 1. maí | Last date of contract cancellation if it shall be valid from May 1 |
| 1. maí 2025 | Samningur laus ef sagt upp | Contract open if cancelled |

# Vinna og afurð hópsins :: Work and result of the group

- Í starfshóp voru mikil áhöld um grundvallarforsendur, t.d. þessar:
  - Raunstaða mönnunar
  - Uppfærsla mönnunarviðmiða
  - Kostnaður
  - Önnur gæðaviðmið og mælingar
- Starfshópur skilaði ekki tímasettri áætlun heldur minnisblaði með líkani og nokkrum tillögum.
- Afurðin varð miklu minna að umfangi en til stóð. Er merkt „til upplýsingar“ en ekki „til ákvörðunar.“

- There were many questions about the main premises in the working group, e.g. these:
  - Real status of staffing
  - Updating staffing standards
  - Cost
  - Other quality standards & measurements
- The working group did not hand in a timed plan but instead a memo with a model and a few proposals.
- The product was much smaller in scope than intended. Is marked “for information” as opposed to “for decision.”

# Niðurstaða Efling :: Efling's conclusion

- Ekki er til staðar haldbær áætlun um að bæta úr mönnunarvanda á samningstíma.
- Því er óhjákvæmilegt að virkja uppsagnarákvæði og hefja viðræður að nýju.
- Upplegg viðræðna óbreytt af hálfu Eflingar m.v. kröfugerð dags. 20.6.2024 – þó með fyrirvara um launastefnu í öðrum kjarasamningum sem undirritaðir voru í millitíðinni.

- No serious plan exists for resolving the staffing shortage during the contract period.
- Therefore, it is unavoidable to activate the contract cancellation clause and begin bargaining anew.
- Bargaining approach unchanged on Efling's behalf as per Demands dated June 20 2024 – however with provision regarding wage policy of other collective agreements signed in the meantime.